

# Gjaldskrá

## vegna skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis

(Fjárhæðir uppfærðar miðað vð BVT í janúar 2020 146,7 stig)

### 1. gr.

#### Meginreglur.

Gjaldskrá þessi tekur til kostnaðar vegna vinnu við útgáfu á framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna leyfisskyldra framkvæmda.

Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á viðkomandi svæði eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

### 2. gr.

#### Skilgreiningar.

*Afgreiðslugjald:* Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins.

Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

*Umsýslu- og auglýsingakostnaður:* Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarra umsýslu.

*Breytingakostnaður:* Kostnaður sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

### 3. gr.

#### Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

	2012	2019
Afgreiðslugjald	9.500	12.410
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 36. gr.	130.000	169.822
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	120.000	156.759
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	60.000	78.379

### 4. gr.

#### Kostnaður vegna deiliskipulags.

4.1 Nýtt deiliskipulag		
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	Samkvæmt reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	120.000	156.759
4.2 Verulegar breytingar á deiliskipulagi		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	Samkvæmt reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	120.000	156.759
4.3 Óverulegar breytingar á deiliskipulagi		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	Samkvæmt reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegrar breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.	60.000	78.379
4.4 Vinna samkvæmt reikningi skal byggja á áætlun skipulagstjóra um umfang verkefnisins sem umsóknaraðili samþykkir. Reikningur verður síðan gerður í samræmi við raunverulegan kostnað en getur ekki verið hærri en fjárhæð samkvæmt samþykktri áætlun.		

**5. gr.**

**Grenndarkynning**

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna grenndarkynninga, sbr. 44. gr.	30.000	39.190
--	--------	--------

**6. gr.**

**Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.**

Afgreiðslugjald	9.500	12.410
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum	110.000	143.695
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir	65.000	84.911

**7. gr.**

**Breyting fjárhæða.**

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 (112,3 stig) og skulu breytast 1. janúar hvert ár í samræmi við byggingarvísitölu.

**8. gr.**

**Gildistaka.**

Gjaldskrá þessi er sett og samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal öðlast gildi 1. janúar 2013.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 6. september 2012

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*